

Sp.

80. Beiðni um skýrslu

[80. mál]

frá forsætisráðherra um fíkniefnamál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fíkniefnavandann og til hvaða aðgerða ríkisstjórnin hyggist grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna.

Í skýrslunni verði m.a. leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hvað má áætla að fíkniefnanotkun sé útbreidd hér á landi og hvernig dreifist neyslan eftir aldurshópum?
2. Hvert er umfang neyslunnar miðað við nágrannalöndin og hvað er áætlað að mikið sé flutt inn af ólöglegum fíkniefnum?
3. Hve mikið hefur verið gert upptækt af ólöglegum fíkniefnum s.l. 10 ár?
4. Hve mikill hefur upptækur hagnaður vegna sölu ávana- og fíkniefna verið s.l. 10 ár? Hvernig hefur honum verið ráðstafað?
5. Hvað má áætla að margir bíði varanlegt heilsutjón árlega vegna fíkniefnanotkunar?
6. Hvað hafa stjórnvöld gert s.l. 5 ár í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn fíkniefnanotkun?
7. Hve margar eru innlagnir á meðferðarstofnanir vegna ávana- og fíkniefnaneyslu á s.l. 5 árum?
8. Hvaða úrræði og aðstaða er fyrir hendi til að veita fíkniefnaneytendum nauðsynlega meðferð og aðstoð til að vinna bug á fíkniefnaneyslu? Hvernig er aðstöðu hér á landi háttáð samanborið við önnur norræn lönd?
9. Eru fyrir hendi upplýsingar um hve mörg afbrot á s.l. 10 árum megi rekja beint til fíkniefnaneyslu?
10. Hafa vopn — og þá hvaða og hversu oft — fundist í fórum þeirra sem teknir hafa verið fyrir sölu, dreifingu eða neyslu fíkniefna?
11. Hve mörg dauðsföll og sjálfsvíg má rekja til fíkniefnaneyslu?
12. Hvað má áætla að fíkniefnaneysla kosti í beinum fjármunum þann sem svo hefur ánetjast henni að hann neytir fíkniefna nær daglega?
13. Hefur verið kannað hvort, og þá hve mikil, fíkniefnaneysla eigi sér stað í fangelsum? Hvað hefur verið gert til að koma í veg fyrir slíkt?
14. Hve margir innan toll- og löggæslu hafa á s.l. 5 árum fengið sérstaka þjálfun á sviði fíkniefnamála? Hver er meðalstarfsaldur þeirra sem starfað hafa að fíkniefnamálum innan toll- og löggæslu?
15. Hvernig er háttáð upplýsingamiðlun og samvinnu við erlend toll- og löggæsluyfirvöld?
16. Hvaða tækjakosti hefur toll- og löggæsla yfir að ráða, og hefur að fullu verið komið til móts við óskir toll- og löggæslu um tækjabúnað vegna eftirlits og rannsókna á fíkniefnum?
17. Hvað hefur ríkissjóður látið mikið fjármagn til aðgerða gegn fíkniefnum s.l. 5 ár? Hve mikið er það fjármagn samanborið við fjárframlög annars staðar á Norðurlöndum?
18. Hvernig er viðurlögum háttáð við fíkniefnabrotum? Hvernig hefur þeim verið beitt og hve margir dómur hafa fallið vegna fíkniefnabrota? Hvaða fjárhæð hafa sektir numið og hvað mikið hefur innheimst?

19. Hefur löggæsla óheftan aðgang að pósti þegar grunur leikur á um að fíkniefni berist með pósti til landsins?
20. Hvaða þróun hefur orðið í neyslu vanabindandi löglegra lyfja s.l. 10 ár, skipt milli kynja?
21. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna? Hvaða áform eru uppi til að aðstoða þá sem þegar hafa ánetjast fíkniefnum?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 22. okt. 1986.

Jóhanna Sigurðardóttir.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Karl Steinar Guðnason.	Karvel Pálmason.
Kjartan Jóhannsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Stefán Benediktsson.

Greinargerð.

Neysla fíkniefna er orðið alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál hér á landi eins og í öðrum löndum. Talið er að gífurleg aukning hafi orðið á fíkniefnaneyslu hér á undanförunum árum. Jafnframt er talið að sterkari og hættulegri fíkniefni séu í umferð en áður var. Ógnvekjandi tölur hafa einnig birst sem benda til þess að gífurlegt magn eiturefna sé í umferð. Þótt ekki beri öllum saman um hve mikið magnið er er þó ljóst að aðeins brot af því hefur verið gert upptækt af toll- og löggæslu.

Þegar er ljóst að fjöldi fólks, aðallega ungmenni, hefur orðið fórnarlömb fíkniefnaneyslunnar. Talið er að flestir neytendanna séu á aldrinum 20–30 ára. Ekki eru þó ófá dæmi um fíkniefnaneyslu hjá 14–15 ára unglingum. Afleiðingar fíkniefnaneyslunnar eru því þegar orðnar mjög alvarlegar. Þær birtast í þjáningu og kvöl fjölda ungmenna sem ánetjast hafa fíkniefnum. Það er ekki aðeins að fíkniefnaneysla hafi eyðilagt lífshamingju fjölda ungmenna, heldur eru afleiðingarnar ekki síður skelfilegar fyrir heimili og fjölskyldur fíkniefnaneytenda.

Alvarleg afbrot og þjófnaðir, sem eru framin til að fjármagna neysluna, gerast algengari. Reynsla nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu talar skýru máli um þá skelfilegu þróun sem orðið hefur á s.l. árum. Ofbeldi, misþyrmingar, rán og jafnvel manndráp hafa margfaldast, og má rekja það beint til fíkniefnaneyslu. Þeim, sem vistaðir eru á sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum vegna notkunar fíkniefna, hefur fjölgað gífurlega.

Nú þarf þjóðaráttak til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og neyslu þessara eiturefna. Í því sambandi skiptir hver einasta vika máli. Stjórnvöld þurfa að taka þessi mál föstum tökum þegar í stað. Allir, sem láta sig þessi mál skipta, þurfa að leggjast á eitt til að koma í veg fyrir að heimilin í landinu og þjóðin öll þurfi að búa við þessa þjóðfélagsmeinsemd lengur en orðið er. Hér er ekki aðeins í húfi lífshamingja fjölda einstaklinga og heimila þeirra — ekki aðeins hin mannlegu verðmæti. Afleiðingarnar eru einnig gífurleg útgjöld, m.a. á sviði heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála, sem mun fara vaxandi verði ekkert að gert. Það er því mikilvægt að stjórnvöld hafi skilning á þessu máli og leggi fram það fjármagn sem þarf til að hefta eins og kostur er útbreiðslu og neyslu þessara skaðlegu efna.

Ljóst er að fíkniefnamál falla með einum eða öðrum hætti undir mörg ráðuneyti, enda hefur mikið skort á að heildarstjórn og samræming á aðgerðum gegn fíkniefnavandanum sé fullnægjandi. Mikilvægt er að Alþingi láti þessi mál til sín taka í miklu meira mæli en hingað til, bæði að því er varðar nauðsynlega löggjöf um ýmsa þætti fíkniefnavandans, svo og að því er varðar stóraukin fjárframlög í fjárlögum til að beita megi öllum ráðum til að hefta dreifingu og neyslu fíkniefna. Ekki sist er nauðsynlegt að Alþingi fjalli ítarlega um hvernig heildarstjórn og samræming einstakra þátta, sem falla undir einstök ráðuneyti, verði best fyrir komið.

Beiðni þessi um skýrslu frá forsætisráðherra um fíkniefnavandann er fram borin til þess að Alþingi fái heildaryfirsýn yfir alla þætti mála sem tengjast fíkniefnavandanum. Í annan stað er nauðsynlegt að Alþingi verði veittar upplýsingar um til hvaða ráða ríkisstjórnin hyggst grípa til að fyrirbyggja dreifingu, innflutning og neyslu fíkniefna, sem og að fá fram hvaða úrræðum verður beitt til aðstoðar þeim sem þegar hafa ánetjast fíkniefnum.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hér er beiðt um, fæst einnig betri yfirsýn yfir nauðsynlegar fjárveitingar sem brýnt er að leggja til þessa máls, og enn fremur hvaða úrræðum er best að beita í löggjöf til að raunhæfur árangur náist í baráttunni gegn fíkniefnavandanum.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.